

Fréttabréf safmanna

7. árg. 1. töl. 1998



Kyndilmessa



31. janúar

Félag íslenskra safmanna
Stofnað 17. janúar 1981

Kyndilmessa 31. janúar

Þann 31. janúar verður haldin Kyndilmessa í Naustinu við Vesturgötu og hefst fjörið kl. 19.00 með fordrykk á gamla Símonarbar. Að öðru leyti verður dagskráin sem hér segir:

- kl. 19.00 **Fordrykkur að eigin vali og á eigin kostnað** á gamla Símonarbar við undirleik Marion Heera hörpuleikara.
- kl. 20.00 **Hlaðborð á Galdraloftinu**. Þar verður bæði boðið uppá þorramat og hefðbundinn hlaðborðsmat fyrir þá sem vilja síður láta þorramat inn fyrir sínar varir.

Á meðan borðað er mun **Þórarinn Eldjárn** flytja tölu.
Einnig verður boðið uppá **harmonikkospil og fjörugan söng**.

Eftir matinn gefst gestum kostur á að hlíða á lifandi tónlist á Naustkránni og fá sér hressilegan snúning.

Verð á þessa óborganlegu skemmtun kemur þægilega á óvart **eða aðeins kr. 2.200 kr.!!!!**

Vinsamlegast tilkynnið um þátttöku með símtali til Þóru eða Eyglóar á Þjóðminjasafninu (552-8888), Sigrúnar Ástu í Stykkishólmi (438-1640) eða Sigurjóns á Ljósmyndasafninu (563-2530) eigi síðar en þriðjudaginn 27. janúar.

Stjórnin

Fréttabréfinu dreift á alnetinu

Síðasta hefti fréttabréfsins á rafrænu formi var dreift til allra félagsmanna sem hafa netföng. Hér er um nýjung að ræða sem hefur töluverðan sparnað í för með sér. Þeir sem vilja geta fengið fréttabréfið sent sem tölvupóst eða sem fylgju (attachment) við tölvupóst. Þess ber einnig að geta að þeir sem vilja fá fréttabréfið með gamla laginu geta það að sjálfsögðu áfram. Aðeins þarf að tilkynna ritstjóra um þá tilhögun.

sbh

Grunnatriði safnastarfs - fyrra bindi

Eins og lesendum fréttabréfsins er kunnugt um þá hefur Helgi M. Sigurðsson þýtt fyrra bindi bókarinnar *Museum Basics*. Í síðasta fréttabréfi var greint frá þýðingunni og innihaldi bókarinnar og jafnframt óskað eftir því að félagsmenn FÍS, og aðrir áhugamenn um safnfræði, þöntuðu sér eintak af bókinni. Nokkur viðbrögð hafa orðið við þeirri auglýsingu, en ekki nándar nærri nóg svo að hægt sé að standa undir útgáfu þýðingarinnar.

Í síðasta hefti fréttabréfsins var birt umsögn stjórnar Félags íslenskra safnmanna. Þar segir m.a. annars:

“Þegar kemur að þýðingu erlendra fræðibóka yfir á íslensku verður að vanda valið. Félag íslenskra safnmanna telur að bókina *Museum Basics* sé góður kostur fyrir íslenska safnmenn. Hér er um að ræða gott og viðurkennt fræðirit á sviði safnfræða sem gefið er út af viðurkenndum aðilum og skrifuð af sérfræðingum í málefnum safna. Auk þess að standa undir fræðilegum kröfum er bókinn mjög aðgengileg og vel uppsett. Textinn er hnitmiðaður og efnistöð öll vel afmörkuð þannig að auðvelt er að lesa sér til um einstaka efnisþætti.

Félag íslenskra safnmanna telur að mikill fengur sé af útgáfu *Museum Basics* á íslensku. Sú útgáfa myndi renna styrkari stöðum undir safnfræði og safnstarf í landinu.”

Bókapöntun

Undirrituð/aður óskar eftir að kaupa eintök af fyrri bindi bókarinnar Grunnatriði safnastafs. Verð pr. bindi er kr. 2800,-.

Sendingar- og greiðslufyrirkomulag:

___ Póstkrafa

___ Með öðrum hætti, hvernig? _____

Einnig óskar undirrituð/aður að kaupa eintök af seinna bindi bókarinnar sem áætlað er að komi út eftir tvö ár (1999) og áætlað er að muni kosta sömu ophæð.

Undirskrift: _____

Nafn stofnunar: _____

Heimilisfang: _____

Pöntun sendist ritara FÍS:

Sigurjóns Baldurs Hafsteinssonar (sbh@reykjavik.is)

Ljósmyndasafni Reykjavíkurborgar

Borgartúni 1, 105 Reykjavík

Ritstjóri og ábm. Sigurjón Baldur Hafsteinsson.
Ljósmyndasafn Reykjavíkur, Borgartún 1, IS-105 Reykjavík.
Netfang: sbh@reykjavik.is. 7.árg. 1.tbl. 1998